

Coripharma ehf.
Reykjavíkurvegur 76-80
220 Hafnarfjörður

19. mars 2026, Reykjavík
UOS-2699/R.S.

Ákvörðun um framlengingu á starfsleyfi Coripharma ehf.

Vísað er til umsóknar Coripharma ehf., kt. 491002-3280, um endurnýjun á starfsleyfi, dags. 31. mars 2022, og samskipta Umhverfis- og orkustofnunar við rekstraraðila þar sem óskað er eftir framlengingu á starfsleyfi. Starfsleyfisumsókn var samþykkt fullnægjandi þann 25. febrúar sl.

Samkvæmt 4. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir má útgefandi starfsleyfis framlengja gildistíma starfsleyfis meðan starfsleyfi er í vinnslu, að hámarki til eins árs, hafi fullnægjandi umsókn borist útgefanda. Áform um framlengingu voru auglýst á heimasíðu Umhverfis- og orkustofnunar 9. mars til og með 16. mars sl. Engar athugasemdir voru gerðar við áformin.

Gildistími starfsleyfisins er til 30. mars 2026. Að því virtu mun framlengingin sem hér er veitt gilda þar til nýtt starfsleyfi er gefið út eða í síðasta lagi til 30. mars 2027.

Ákvörðun Umhverfis- og orkustofnunar um framlengingu starfsleyfis er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá dagsetningu þessa bréfs skv. 65. gr. laga nr. 7/1998, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011.

Virðingarfyllst,

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur